

BORGARRÁÐ 14. október 2021: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um innvistingu verkefnisins stafræn umbreyting og sundurliðun verkþátta - R21100233

Óskað er eftir því að fá eftirfarandi gögn: 1) Óskað er eftir því að fá allar þær greiningar sem hafa verið gerðar varðandi fjárfestingarverkefnið „Stafræn Umbreyting“ og lágu til grundvallar ákvörðun um innvistingu í stað þess að bjóða verkið út í heild.

2) Óskað er eftir að fá lista yfir ráðgjafa innlenda sem erlenda sem fullyrt hefur verið að voru til ráðgjafar sem leiddu til þeirrar ákvörðunar að innvista verkþáttum. 3) Óskað er eftir því að fá sundurliðun á þeim liðum sem verða boðnir út á árinu 2021, en fullyrt hefur verið að 2,7 milljarðar fari í innkaup og útboð af verkefninu „Stafræn Umbreyting“. 4) Þá er óskað eftir sundurliðun verkþátta á þriggja ára tímabilinu, en fullyrt hefur verið að meira en 70% verði boðið út af þeim 10 milljörðum sem búið er að ákveða að eytt verði í verkið „Stafræn Umbreyting“.